

Alþingi
Erindi nr. P 141/989
komudagur 12.12.2012



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. desember 2012
RH/SLB/056/2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum - 495. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 10. desember 2012 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði um fjárhæð frítekjumarks vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega verði framlengt um eitt ár.

Ekki er gerð athugasemd við efni frumvarpsins en ástæða er til að benda á að það hljóti að teljast óeðlilegt að svo mikilvægt ákvæði sé bráðabirgðaákvæði ár eftir ár í stað þess að festa það í lögum. Slíkt veldur óvissu hjá örorkulífeyrisþegum, ekki síst þegar framlenging ákvæðisins er ákveðin svo seint sem raun ber vitni.

Virðingarfyllt

Sigríður Lilly Baldursdóttir forstjóri